

I. Biðskylda:

- a. Umferð um Nestún víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- b. Umferð um Áskinn víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- c. Umferð um Neskin víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaður Snæfellinga, 8. janúar 2003.

Ólafur K. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar vinnuvéla eða tækja sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vinnuvélum eða tækjum.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 2003.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2003.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2003 eru settar skv. 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2003.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum,

afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl.vegna tekjuársins 2003 er sem hér segir:

Mjólk	41 kr. hver lítri
Egg	250 kr. hvert kg
Kartöflur	46 kr. hvert kg
Rófur	72 kr. hvert kg
Lambakjöt	310 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	280 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	120 kr. hvert kg
Ungnautakjöt	295 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	190 kr. hvert kg
Folaldakjöt	190 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum	100 kr. hvert kg
Grisakjöt	170 kr. hvert kg
Annað svínakjöt	105 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	415 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt	260 kr. hvert kg
Fiskur	200 kr. hvert kg

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Grindavík.

Breyting á deiliskipulagi Svartsengis (athafnasvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti bæjarstjórn Grindavíkur þann 13. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi Svartsengis (athafnasvæði fyrir þjónustustofnanir).

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagstofnun gerir ekki athugasemd við auglýsingu deiliskipulagsins.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grindavík, 9. janúar 2003.

Byggingarfulltrúinn í Grindavík,

Oddur Thorarensen.